



# Reglugerð HSÍ um búnað félaga

## 1. gr. Búnaður félaga

Búnaður félaga skv. reglugerð þessari er annars vegar keppnisbúningur og hins vegar annar búnaður svo sem fatnaður sem þátttakendur klæðast á keppnisstað, upphitunarföt, töskur, skór, húfur o.s.frv. Sama á við um allan klæðnað sem þátttakendur klæðast þegar þeir koma fram fyrir hönd síns félags.

Keppnisbúningur handknattleiksliðs er treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við leikreglurnar eins og annar búnaður leikmanns.

## 2. gr. Litir keppnisbúnings

Félag sem tekur þátt í mótum á vegum HSÍ skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.

Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings.

Litir til skreytingar (aukalitir) á keppnisbúningi skulu vera þannig að aðallitir séu vel greinanlegir.

## 3. gr. Keppnistreyja

Á keppnistreyju skal vera og númer leikmanns í samræmi við leikskýrslu. Númer skulu vera bæði framan og aftan á keppnistreyju. Stærð númers framan á keppnistreyju skal vera að lágmarki 10 cm. Stærð númers aftan á keppnistreyju skal vera að lágmarki 20 cm.

Framan á keppnistreyju skal vera merki félags.

HSÍ á rétt á að aðildarfélög sambandsins láti eftir vinstri ermi á keppnispeysu sinni fyrir auglýsingu í meistaraflokki karla og kvenna. HSÍ ber og kostnað vegna ásetningar á auglýsingunni og fær jafnframt allan hagnað af henni.

## 4. gr. Merkingar og auglýsingar á búnaði félags

Auglýsingar og merkingar skulu vera eins á öllum keppnisbúningum sama liðs fyrir utan tölustafi í númeri.

Merkingar og auglýsingar skulu vera þannig að aðallitir búningsins séu vel greinanlegir.



Auglýsing á búnaði skv. 1. gr. þessarar reglugerðar má ekki varða vörutegund eða þjónustu sem brýtur gegn hugsjónum íþróttamanna, lögum HSÍ eða landslögum.

### **5. gr. Viðurlög**

Framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt að vísa til aganefndar HSÍ meintum brotum á reglugerð þessari. Málsmeðferð og viðurlög skulu vera samkvæmt VI. reglugerðar HSÍ um agamál

### **6. gr. Gildistaka**

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi auglýsingar á búningum

*Samþykkt af stjórn HSÍ 2.september 2020.*